

182

5. gr.

12. des. Gjalddagi fasteignaskatts, samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjar-sjóðs Keflavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtanahalds, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Keflavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

183

## REGLUGERÐ

12. des.

fyrir vatnsveitu Kópavogskaupstaðar.

1. gr.

Kópavogskaupstaður hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi bæjarráðs eða þess aðila, sem hún felur umsjón vatnsveitunnar og eftirlit með henni.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu. Bæjarstjórn hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með bæjarreikningum ár hvert.

## 4. gr.

183

12. des.

Þeir einir þípulagningameistarar, sem fengið hafa löggildingu bæjarráðs Reykjavíkur eða viðurkenningu vatnsveitu Reykjavíkur og enn fremur viðurkenningu bæjarráðs Kópavogs, mega annast þær vatnslagnir í götum og húsum í kaupstaðnum, sem tengjast eiga við vatnsveitukerfið. Starfsmenn vatnsveitu Kópavogskaupstaðar, svo og starfsmenn vatnsveitu Reykjavíkur, skulu hafa óhindraðan aðgang að húsalögnum til eftirlits, og er þeim heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og þau tæki og mæla, sem sett kunna að verða í sambandi við þær. Þyki umsjónarmanni bæjarins útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

## 5. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að greiða sjálfur kostnað við lagningu vatnsæðar úr götulögnum í húseign sína, halda þeim vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða þær bila. Sérstaklega skal hann gæta þess, að þær séu svo um búnar, að ekki sé hætt á að frjósi í þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

## 6. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis bæjarráðs eða þess aðila, sem það felur slökkviliðsstarf í kaupstaðnum. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til þess að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðar.

## 7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að ganga svo frá lögnum sínum að fullnægjandi þyki að dómi umsjónarmanns eða vanrækja að gera við leka í þípum eða tækjum í sambandi við þær, eða eyða vatni að óþörfu, svo og fyrir þeim, sem ekki greiða gjöld til vatnsveitunnar á réttum gjalddaga eða efni, vinnu og annað, sem vatnsveitan kann að leggja til vegna húslagna þeirra. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir hús, þótt vatnsæðum sé lokað eða vatnsrennslitakmarkað vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra ástæðna.

## 8. gr.

Fyrir hvert íbúðarhús, sem fær vatn frá vatnsveitu bæjarins, skal greiða tengigjald, kr. 500.00 fyrir einbýlishús, kr. 200.00 fyrir aðra íbúð í húsi og kr. 100.00 fyrir hverja íbúð úr því.

Fyrir útihús, tilheyrandi íbúðarhúsi, svo sem gripahús, gróðurhús, smáverkstæði o. s. frv., sem vatnslögn er lögð í frá einni og sömu heimtaug, greiðist eigi sérstaklega.

Fyrir hús önnur en íbúðarhús, sem sérstök heimtaug er lögð til, skal greiða tengigjald, kr. 500.00—1000.00, eftir mati bæjarráðs.

Tengigjald skal greiðast að fullu áður en tenging fer fram.

## 9. gr.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum, og telst þá sérstakt hús sá hluti, sem er milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir í sér-eign, skal heildarupphæð tengigjalds skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega eftir tölu íbúðanna, er þeir eiga.

## 10. gr.

Af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveitu kaupstaðarins, skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar 1% af fasteignamatsverði, en þó er lágmarksupphæð skattsins kr. 250.00 af hverri íbúð. Heimilt er bæjarstjórn að

**183** lækka skattinn, sé sýnt að tekjur vatnsveitunnar nemi meira en árlegum kostnaði 12. des. af henni.

Nú stendur íbúð ónotuð um hálf t. ár eða meira og má þá fella niður helming vatnsskatts.

#### 11. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 10. gr. skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur og verkstæði, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskatt samkv. 1. mgr. skal innheimta eftir mati bæjarráðs.

Nú sættir húseigandi eða vatnsskattsgreiðandi sig ekki við ákvörðun bæjarráðs um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að matsnefnd um vatnsnot Kópavogshrepps, sbr. samning borgarstjórans í Reykjavík og hreppsnefndar Kópavogshrepps frá 21. október 1949, úrskurði ágreiningsatriði.

Bæjarráð ákveður verð á vatni, sem selst er til skipa eða hafnarsjóðs í Kópavogi, þó ekki undir kr. 2.00 fyrir hvern teningsmetra.

#### 12. gr.

Vatnsskattur samkv. reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert og greiðist til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Kópavogshrepps nr. 172 14. sept. 1951.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**184**

12. des.

## REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt kolp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsi og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarverkfræðingur tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

#### 2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra verkfræðingi bæjarins frá því, og fá samþykki þar til. Lega, halli, stærð og gerð pípa, brunna, vatnslása og yfir höfuð alls þess, sem skolplögninni innan- og utanhúss til heyrir, skal ákveðið í samráði við bæjarverkfræðing. Hann skal hafa umsjón með verk-